



## Erindisbréf fyrir kjörstjórn Ásahrepps.

### 1. gr.

Hreppsnefnd kys á fyrsta eða öðrum fundi sínum eftir kosningar til sveitarstjórna þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í yfirkjörstjórn Ásahrepps.

Hreppsnefnd getur kosið þrjá aðalmenn og þrjá til vara í undirkjörstjórn, en heimilt er að kjósa hana síðar.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi hreppsnefndar.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

### 2. g

Meðal verkefna yfirkjörstjórnar er:

- Að annast framkvæmd kosninga í samræmi við fyrirmæli kosningalaga nr. 112/2021.
- Að bóka viðtöku framboða, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.
- Að úrskurða um kjörgengi til hreppsnefndar en úrskurði kjörstjórnar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála.
- Að sinna störfum sínum að öðru leyti í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

### 4. gr.

Yfirkjörstjórn heldur fundi eftir því sem þörf þykir og málefni eru fyrirbyggjandi til úrvinnslu. Fundi skal halda eftir þörfum og ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir fulltrúar í kjörstjórninni óska þess.

### 5. gr.

Formaður boðar til fundar og undirbýr fundi yfirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn skal halda gerðabók í samræmi við 20. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Um fundarsköp fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 131/2022.

### 6. gr.

Um hæfi fulltrúa í yfirkjörstjórn gilda ákvæði 18. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

### 7. gr.

Um þagnarskyldu fulltrúa í yfirkjörstjórn vísast til 19. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 131/2022.

### 8. gr.

Þóknun fyrir setu í yfirkjörstjórn greiðist samkvæmt samþykkt Ásahrepps um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndastörf.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps þann 22. janúar 2025.